



**BOLUNGARVÍK**

**FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS**

**Fundur nr. 2445**

Ár 2024, þriðjudaginn 28. janúar kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

**Fundinn sátu:** Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Magnús Ingi Jónsson og Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, auk þeirra sat Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti bæjarráðs**

Lagt fram til kynningar.

Verkefnalisti kynntur.

**2. Upplýsingar vegna verkfalla KÍ og upplýsingar um undanþágunefnd**

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri kynnti minnisblað Ingu Rúnar Ólafsdóttur, formanns Samninganefndar sveitarfélaga, með upplýsingum vegna verkfalla KÍ og upplýsingar um undanþágunefnd.

Minnisblað kynnt.

**3. Fundargerð 127. Fundar stjórnar Byggðasafn Vestfjarða**

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð kynnt.

**4. Staða vatnsmála í Bolungarvík**

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri kynnti stöðu framkvæmda við nýja Vatnsveitu í Bolungarvík og áhrif hennar á vatnsgæði. Bæjarráð leggur áherslu á að kynna framkvæmdina fyrir bæjarbúum og hvetur öll áhugasöm til að skoða framkvæmdina laugardaginn 15. febrúar nk.

Bæjarstjóra falið að auglýsa viðburðin þegar nær dregur.

## 5. Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025 - Bolungarvíkurkaupstaður

Lagt fram til afgreiðslu.

Lagt fram erindi Matvælaráðuneytisins, þar sem kynnt er úthlutun byggðakvóta til Bolungarvíkur á fiskveiðiárinu 2024-2025. Bolungarvík er úthlutað 65 þorskígildistonnum.

Bæjarráð óskar ekki eftir að leggja fram tillögu að sérreglu vegna þessarar úthlutunar.

## 6. Verkfallsboðun LSS

Lagt fram til kynningar.

Erindi kynnt.

## 7. Yfirlýsing frá Miðstöð sjúkraflugs á Íslandi

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram erindi Miðstöðvar sjúkraflugs á Íslandi, með yfirlýsingu vegna lokunar flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli.

Reykjavík ber ábyrgð sem höfuðborg og miðstöð stjórnsýslu, flutninga, heilbrigðisstarfsemi og svo mætti lengi telja. Það er frumskylda hennar að tryggja gott aðgengi í lofti sem á landi. Bæjarráð Bolungarvíkur skorar á og krefur alla hlutaðeigandi að tryggja flugumferð um Reykjavíkurflugvöll. Hvort sem það er með fellingu trjáa sem um ræðir eða með öðrum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að halda út starfsemi flugvallarins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

**Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir**  
**Magnús Ingi Jónsson**

**Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir**  
**Jón Páll Hreinsson**